

Leikskólinn Leikgarður  
Eggertsgötu 14, sími 5518560  
Netfang: leikgardur@fs.is



Upplýsingar fyrir foreldra

Nafn barns: \_\_\_\_\_

Velkomin/n í leikskólann Leikgarð

Leikskólinn Leikgarður er einn af þremur leikskólum sem rekinn er af Félagsstofnun stúdenta í stúdentagarðahverfinu. Leikgarður er fjögurra deilda skóli fyrir börn á aldrinum 6.mánaða til tveggja ára. Í leikskólanum eru að jafnaði 63 börn og u.þ.b. 20 starfsmenn.

Starfsfólk leikskólans

Leikskólastjóri: María Petrína Berg

Matráður: Aziza Ascour

Deild barnsins: \_\_\_\_\_

Starfsfólk deildarinnar:

Deildarstjóri: \_\_\_\_\_

Kennarar/leiðeinendur:

\_\_\_\_\_

### Ágætu foreldrar/forráðamenn

Við viljum bjóða ykkur og barnið/börnin hjartanlega velkomið í leikskólann Leikgarð. Það er okkur mikil ánægja að bjóða ykkur í okkar hóp. Þessi handbók er ætlað að vera leiðarvísir ykkar í upphafi leikskólagöngu svo þið getið aflað ykkur upplýsingar og kynnst betur starfsemi leikskólans.

### Að byrja í leikskóla

Að byrja í leikskóla er ný reynsla fyrir barn og foreldra þess. Aðlögun er mikilvæg, fyrir börn jafnt sem foreldra. Þau kynnast í sameiningu sem flestum þáttum í starfi leikskólans, nýjum húsakynnum, starfsfólki og leikfélögum. Mikilvægt er að góð samvinna og gagnkvæmur trúnaður sé á milli foreldra og starfsfólks en trúnaður er forsenda þess að leikskóladvölin verði barninu ánægjuleg og árangursrík. Mikilvægur þáttur í þessari samvinnu er aðlögun, þar sem lagður er hornsteinn að góðu samstarfi foreldra og starfsfólki leikskóla.

### Þátttökuaðlögun

Þátttökuaðlögun felst í því að foreldrar eru þátttakendur í starfinu þá daga sem aðlögunin fer fram. Þannig fá þeir góða innsýn í starfið og kynnast kennurum, börnum og öðrum foreldrum í leikskólanum.

Aðlögunin er ekki síður mikilvæg fyrir foreldra en börnin. Aðferðin byggir m.a. á því að foreldrar smíti eigin ánægju og öryggiskennd til barna sinna þegar þeir sjá hvernig dagurinn gengur fyrir sig. Þeir sinna sínu barni, leika við það og sjá til þess að það taki þátt í starfinu. Kennarar deildarinnar taka að sjálfsögðu einnig þátt, skipuleggja daginn og deila út verkefnum.

## Dagskipulagið fyrir Leikgarð

Dagskipulagið er samræmt fyrir allan leikskólann sem myndar ramma utan um starfið í skólanum. Það heldur lífinu í hæfilega föstum skorðum og skapar öryggi og festu sem eykur vellíðan barna og starfsfólks.

08:00	Leikskólinn opnar
08:00-08:15	Tekið á móti börnunum í salnum
08:15-08:50	Morgunverður
08:50-10:30	Frjáls leikur/hópastarf/útivera
10:30-10:45	Salerni/bleiuskipti
10:30-11:30	Hádegisverður
11:30-14:00	Hvíld/róleg stund í sal
13:30-14:00	Salerni/bleiuskipti
14:00-14:15	Samverustund á deild
14:00-14:30	Síðdegishressing
14:30-15:00	Samverustund á deild
15:00-16:00	Frjáls leikur/útivera/leikskólinn lokar

## Hádegi

Á milli kl. 10:30 og 13:00 erum við að undirbúa matinn, borða og í hvíld og sjáum við okkur þá ekki fært að taka á móti börnunum, nema um það hafi verið rætt sérstaklega við starfsfólk.

## Lokaorð

Ágætu foreldra.

Að loknum lestri þessa bæklinga vakna eflaust margar spurningar um starfsemi leikskólans. Þar sem svona bæklingur getur aldrei orðið tæmandi hvetjum við foreldra til að spyrja og ræða um óljós atriði. Einnig viljum við biðja foreldra um að vera óhrædda við að segja sitt álit á starfseminni. Starfsmenn eru hér til að vinna sem best með börnum ykkar.

Með kærri kveðju og ósk um gott samstarf.

María Petrína Berg Leikskólastjóri

Leikskólinn Leikgarður

Eggertsgata 14

Sími 5518560

Netfang: [leikgardur@fs.is](mailto:leikgardur@fs.is)

Heimasíða: <http://www.leikskolinn.is/leikgardur/>

## Uppsagnarfrestur

Uppsagnarfrestur á leikskólaplássi er einn mánuður og miðast við 1. til 15. hvers mánaðar. Uppsögn þarf að vera skrifleg. Hægt er að nálgast uppsagnareyðublað hjá leikskólastjóra.

## Hugmyndafræði leikskólans

Leikskólastarf og leikskólauppeldi byggja á sérstökum uppeldisaðferðum og hugmyndafræði. Þeir sem vinna að leikskólauppeldi sækja hugmyndir til kenningar, rita og rannsókna ýmissa fræðimanna um það hvernig börn læra og þroskast. Leikskólar stúdenta starfa eftir HighScope stefnunni.

HighScope stefnan leggur ríka áherslu á virkt nám. Kraftur virka námsins sprettur af frumkvæði barnsins. Virkni felst í að kanna, spyrja, handfjatla, gera mistök, leysa þrautir og finna viðeigandi markmið í samræmi við aldur og þroska.

Persónulegt frumkvæði og jákvæð samskipti fullorðins og barns er það sem liggur að baki námi barna. Virkt námsumhverfi býður upp á að börnin hafi val og geti tekið sjálfstæðar ákvarðanir. Með því að börnin séu virkir þáttakendur í eigin námi og fái stuðning frá öðrum, þróa þau með sér frumkvæði og félagslegan vilja sem hefur jákvæð áhrif á þau í frekara námi og ákvarðanatöku í lífinu.

HighScope er markviss stefna sem leiðir okkur á rétta braut og sameinar öll okkar markmið í eitt; að leikurinn umlyki barnið í námi þess á fyrsta skólastiginu.

Ýtarlegri upplýsingar um high/scope er að finna á heimasíðunni <http://www.highscope.org>

## Að koma og fara

Það er öryggisatriði fyrir starfsfólk og ekki síst barnið að foreldrar láti ávallt vita þegar komið er með barnið eða það sótt. Foreldrar geta alltaf hringt í leikskólann til þess að spyrjast fyrir um líðan barnsins, eins mun starfsfólk leikskólans hringja ef eitthvað sérstakt kemur upp á. Ef aðrir en foreldrar koma að sækja barnið er mikilvægt að láta starfsfólk vita af öryggisástæðum. Börnum yngri en 12 ára er ekki heimilt að sækja börn í leikskólann. Einnig óskum við eftir því að ef barnið mætir ekki í leikskólann vegna veikinda eða leyfis, hafi foreldrar samband og tilkynni fjarveru barnsins.

## Lyf

Ekki eru gefin lyf í leikskólanum nema um astmalyf sé að ræða. Um önnur lyf þarf að koma með Vottorð frá lækni um að lyfjagjöf sé nauðsynleg þann tíma sem barnið dvelur í leikskólanum.

## Veikindi

Ekki er hægt að taka við veikum börnum í leikskólann. Barn smitar mest þegar það er að veikjast. Ef barn veikist í leikskólanum er foreldrum gert viðvart og hlúð að barninu þar til foreldrar sækja það. Eftir veikindi er æskilegt að barnið sé heima einn dag hitalaust áður en það kemur í leikskólann.

## Óhöpp eða slys

Í stórum barnahóp geta alltaf orðið óhöpp eða slys. Ef slíkt kemur fyrir er strax haft samband við foreldra/forráðamenn. Slys sem verða í leikskólanum eru skráð niður á sérstök slysaskráningarblöð og geta foreldrar fengið afrit af þeim.

## Fæðuofnæmi

Þau börn sem eru með fæðuofnæmi og þurfa að vera á sérfæði þurfa í öllum tilfellum að koma með vottorð frá lækni því til staðfestingar. Skriflegar upplýsingar frá lækni þurfa að liggja fyrir, hvað má ekki borða og áhrif þeirra matvara á barnið. Óski foreldrar eftir að barnið sé á sérfæði, án þess að læknisfræðilegar ástæður liggi að baki, mega þeir koma með matvöru á eigin kostnað á leikskólann.

## Sumarleyfi

Leikskólinn er lokaður samfelld fjórar vikur að sumri vegna sumarleyfis barna og starfsfólks. Sumarlokun er í júlí en er auglýst með góðum fyrirvara á heimasíðu leikskólans.

## Fatnaður

Við viljum biðja foreldra að tæma hólf barnanna í fataklefanum á föstudögum, svo hægt sé að þrifa hólfín. Mikilvægt er að allur fatnaður barnanna og allt sem tilheyrir vögnum/kerrum sé vel merkt t.d. svuntur, flugnanet, teppi og regnyfirbreiðslur. Þar sem margir eru með eins, er mjög erfitt fyrir starfsfólk að þekkja það sem ekki er merkt.

## Upplýsingar til foreldra

Upplýsingatöflur eru fyrir framan hverja deild en þar koma fram skilaboð frá starfsfólki til foreldra um það helsta yfir daginn. Á heimasíðu leikskólans <http://leikgardur.leikskolinn.is> eru stuttar fréttir og auglýsingar. Þar er einnig að finna allar upplýsingar er varðar reglur leikskólans varðandi námsframvindu og fleira. Foreldrar eru hvattir til að kynna sér það starf sem fram fer í leikskólanum.

## Starfs- og skipulagsdagar

Starfs- og skipulagsdagar eru sex á skólaárinu. Reynt er að koma til móts við foreldra/forráðamenn og hafa þessa daga í kringum helgi. Starfs- og skipulagsdagar eru settir inn á skóladagatal leikskólans og auglýstir með

góðum fyrirvara. Þann 2 janúar ár hvert og miðvikudagur fyrir páska eru fastir starfsdagar og er leikskólinn lokaður þessa daga

## Foreldrasamstarf

Í Leikgarði er mikil áhersla lögð á gott samstarf við foreldra. Foreldrar bera frumábyrgð á uppeldi barna sinna en leikskólastarfið er viðbót við það uppeldi sem börnin fá á heimilum sínum. Samstarf foreldra og leikskóla er mikilvægur liður í velferð barnanna. Börnin dvelja stóra hluta dagsins í leikskólanum, því er nauðsynlegt fyrir starfsfólkið að vita um líðan barnsins og venjur heima fyrir. Við viljum að foreldrar finni sig ávallt velkomna í leikskólann og leggjum áherslu á góð samskipti og þátttöku foreldra í starfi leikskólans. Foreldrar geta alltaf leitað til starfsfólks leikskólans með öll þau mál og spurningar sem upp kunna að koma varðandi barnið/börnin og starfsemi leikskólans.

## Foreldrafundur

Foreldrafundur er haldinn einu sinni á ári, á haustin. Á foreldrafundi er starf leikskólans kynnt og kosið í foreldraráð. Mikilvægt er að foreldrar mæti á foreldrafundi.

## Foreldraviðtal

Skipulögð foreldraviðtöl eru einu sinni á ári, að vori. Tilgangur foreldraviðtala er að veita gagnkvæmar upplýsingar um barnið, líðan þess og framgang. Foreldrum er auk þess alltaf velkomið að biðja um foreldraviðtal við deildarstjóra eða leikskólastjóra.

## Trúnaður

Vert er að geta þess að starfsfólk leikskólans er bundið þagnarheiti. Allar upplýsingar sem gefnar eru um barnið eru trúnaðarmál. Þagnarheitið er í gildi þó starfsmaður láti af störfum. Ennfremur bendum við góðfúslega á að foreldrum er ekki heimilt að tala um það sem þeir upplifa eða heyra sjálfir varðandi önnur börn, fjölskyldur þeirra eða starfsfólk þegar þeir eru í leikskólanum.

